



# Minjastofnun Íslands

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2017

# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Niðurstöður og ábendingar .....	4
3	Fjárveitingar og rekstur .....	5
3.1	Fjárveitingar .....	5
3.2	Rekstraráætlun.....	6
3.3	Niðurstöður/ábendingar .....	6
4	Innra eftirlit.....	7
4.1	Inngangur .....	7
4.2	Umfjöllun .....	7
4.3	Niðurstöður/ábendingar .....	7
5	Fylgni við lög og reglur.....	8
5.1	Inngangur .....	8
5.1.1	Ferðakostnaður.....	8
5.1.2	Risna.....	8
5.1.3	Innkaupakort.....	8
5.1.4	Láns- og reikningsviðskipti .....	8
5.1.5	Virðisaukaskattur og endurgreiðslur .....	8
5.2	Niðurstöður .....	8
6	Endurskoðun rekstrarliða .....	9
6.1	Ýmsar rekstrartekjur .....	9
6.2	Launagjöld .....	9
6.3	Önnur rekstrargjöld.....	9
6.4	Fylgiskjalaskoðun .....	9
6.5	Niðurstöður/ábendingar .....	9
7	Endurskoðun efnahagsliða .....	10
7.1	Eignir .....	10
7.1.1	Tæki og búnaður .....	10
7.1.2	Inneign hjá ríkissjóði .....	10
7.1.3	Ríkissjóður vegna orlofsskuldbindinga.....	10
7.1.4	Viðskiptareikningar .....	11
7.2	Eigið fé og skuldir .....	11
7.2.1	Höfuðstóll .....	11
7.2.2	Viðskiptaskuldir.....	11
7.2.3	Ýmsar skammtímaskuldir.....	11
7.2.4	Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda .....	11
7.3	Niðurstöður/ábendingar .....	12
8	Önnur atriði .....	13
8.1	Samþykkt ársreiknings .....	13
8.2	Staðfestingarbréf stjórnenda .....	13
8.3	Óhæðisyfirlýsing.....	13

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Minjastofnunar Íslands fyrir árið 2017.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Vakin er athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Minjastofnunar Íslands var síðast endurskoðaður fyrir árið 2014.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

### 1. Fjárveitingar og rekstur

Tekjuafgangur varð af rekstri ársins 2017, alls 9,1 m.kr. og kemur hann til hækkunar uppsöfnuðum tekjuafgangi eða halla fyrri ára. Ónýttar fjárveitingar í árslok 2017 námu 13,9 m.kr.

### 2. Innra eftirlit

Í fámennum stofnunum eins og Minjastofnun Íslands er erfitt að koma á viðunandi innra eftirliti. Innra eftirlit Minjastofnunar byggir nær eingöngu á að forstjóri eða fjármálastjóri samþykki útgjöld og að Fjársýsla ríkisins sjái um greiðslu gjalda og bókhald fyrir stofnunina. Við endurskoðun var minni háttar ábendingu komið á framfæri við fjármálastjóra um að skriflegt samþykki frá forstöðumanni vanti á reikninga, þó munnlegt samþykki hafi verið veitt.

### 3. Fylgni við lög og reglur

Minjastofnun Íslands fylgir lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.

## 3 Fjárveitingar og rekstur

### 3.1 Fjárveitingar

Fjárveitingar samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF) eru ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs. Fjárheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjáraukalögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka.

Fjárveiting ársins 2017 til Minjastofnunar Íslands nam 215,5 m.kr. eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2017. Til lækkunar kemur breyting vegna fjárfestingaframlags 20,8 m.kr. Endanleg fjárveiting stofnunarinnar var því tæplega 194,7 m.kr. á árinu 2017.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingum og rekstri á árinu 2017 og rekstri árið 2016:

Í þús. kr.	Fjárveiting 2017	Rekstur 2017	Frávik 2017	Rekstur 2016
Sértekjur	-10.600	-45.383	34.783	-39.477
Launagjöld	172.900	167.718	5.182	155.648
Önnur rekstrargjöld	27.091	57.916	-30.825	88.926
Eignakaup	5.267	5.267	0	2.303
Rekstrartilfærslur	0	0	0	27.154
Samtals	194.658	185.518	9.140	234.554

Helstu breytingar á rekstrarliðum frá fyrra ári eru hækkun launagjalda um 12,1 m.kr. Rekstur ársins var 9,1 m.kr. innan fjárveitinga ársins. Stærstu frávik frá fjárveitingum voru í sértekjum og öðrum rekstrargjöldum en sértekjur voru 34,8 m.kr. hærrí en fjárveitingar gerðu ráð fyrir og önnur rekstrargjöld voru 30,8 m.kr. hærrí en fjárveitingar gerðu ráð fyrir.

Frávikin skýrast af styrkjum sem veittir voru vegna landsáætlunar um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum og þegar fjárlög eru unnin liggja ekki fyrir upplýsingar um slíkar styrkúthlutanir. Þessir styrkir bókast sem sértekjur og á móti bókast kostnaður við verkefni á rekstrargjöld og því verða rekstrartekjur og rekstrarkostnaður stofnunarinnar hærrí.

Á árinu voru gerðar grundvallarbreytingar á reikningshaldslegri meðferð varanlegra rekstrarfjármuna og eignakaupa. Í stað þess að gjaldfæra keyptar eignir á kaupári eru þær nú eignfærðar og afskriftir gjaldfærðar. Meðtalið í afskriftum ársins voru afskriftir eigna sem áður hafa verið gjaldfærðar og var framlag lækkað um fjárfestingu ársins 26,1 m.kr. Afskriftir ársins námu 5,3 m.kr.

## 3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Rekstraráætlun Minjastofnunar Íslands fyrir árið 2017 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins. Rekstraráætlanir eru yfirfarnar reglulega, sérstaklega í tengslum við þriggja mánaða uppgjör stofnunarinnar.

## 3.3 Niðurstöður/ábendingar

Á árinu 2017 voru gjöld umfram rekstrartekjur Minjastofnunar 9,1 m.kr. lægri en fjárveitingar. Höfuðstóll hækkaði milli ára um það sem nam tekjuafgangi ársins. Rekstraráætlanir voru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins.

## 4 Innra eftirlit

### 4.1 Inngangur

Forstöðumaður Minjastofnunar ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

### 4.2 Umfjöllun

Við mat á eftirlitsumhverfi Minjastofnunar reyndist innra eftirlit almennt vera í lagi. Minjastofnun Íslands er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er notað fyrir vinnslu á bókhaldi og launaafgreiðslu. Vinnustund er notuð fyrir skráningu á viðveru og fjarvistum starfsmanna.

Fjármálastjóri yfirfer og samþykkir alla reikninga eftir að ritari hefur stimplað og tegundamerkt. Afrit eru tekin af reikningum og geymd í Minjastofnun en frumrit eru send í Fjársýslu ríkisins. Forstöðumaður yfirfer möppu með afritum af reikningum og hún og fjármálastjóri fara sameiginlega yfir í tengslum við uppgjör. Fjármálastjóri samþykkir reikninga eftir að hafa fullvissað sig um að þeir séu réttmætir. Ákveðnir reikningar eru alltaf bornir undir forstöðumann m.a. lögfræðireikningar og reikningar vegna þess sem forstöðumaður hefur séð um. Bent er á mikilvægi þess að forstöðumaður samþykki slíka reikninga með áritun sinni.

### 4.3 Niðurstöður/ábendingar

Eftirlitsumhverfi Minjastofnunar Íslands er almennt í lagi. Innra eftirlit hefur ekki verið skjalfest. Almennt er öllu eftirliti vel sinnt og samviskusamlega unnið í fjármálaumsýslu stofnunarinnar. Endurskoðun á virkni innra eftirlits Minjastofnunar Íslands leiddi eftirfarandi í ljós:

- ✓ Skriflegt samþykkti frá forstöðumanni vantar á reikninga sem fjármálastjóri fær munnlegt samþykki forstöðumanns fyrir.
- ✓ Setja þarf niður skriflegar lýsingar á helstu verkferlum sem lúta að fjármálum og bókhaldi.

## 5 Fylgni við lög og reglur

### 5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun er tekið mið af hvort rekstur Minjastofnunar Íslands hafi verið í samræmi við lög og reglur varðandi fjárreiður og bókhald. Um fjárveitingar og rekstraráætlun er fjallað í kafla 3. Eftirfarandi liðir voru auk þess teknir til skoðunar vegna ársins 2017:

#### 5.1.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugunum á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt og það á einnig við um uppgjör slíkra ferða. Ferðaheimild er undirrituð af forstöðumanni og ferðareikningi er skilað á eyðublaði sem Fjársýsla ríkisins hefur látið gera og fer uppgjör ferða eftir þeim útreikningi.

#### 5.1.2 Risna

Forstöðumaður samþykkir risnureikninga með því að fylla út risnuheimild þar sem fram kemur tilefni risnu og hverjir njóta hennar. Samkvæmt skoðun á úrtaki risnureikninga er reglum um risnu fylgt.

#### 5.1.3 Innkaupakort

Minjastofnun nýtir innkaupakort. Þrír starfsmenn eru með slík kort en þau eru einkum notuð til að bóka erlendar ferðir og í viðskiptum við aðila sem stofnunin á ekki í reikningsviðskiptum. Flugferðir innanlands eru bókaðar með flugkorti til að hægt sé að halda utan um afslætti.

#### 5.1.4 Láns- og reikningsviðskipti

Minjastofnun er ekki með kaupleigu- eða fjármögnunarleigusamninga.

#### 5.1.5 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og kóðun færslna reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færirst reglulega til eignar á viðskiptareikning Minjastofnunar við ríkissjóð.

### 5.2 Niðurstöður

Ekki verður annað séð en að Minjastofnun Íslands fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.



## 6 Endurskoðun rekstrarliða

Tekjur á árinu námu 45,4 m.kr. og gjöld 230,9 m.kr. eins og fram kemur í yfirlitstöflu í kafla 3 um fjárveitingar.

### 6.1 Ýmsar rekstrartekjur

Tekjur Minjastofnunar Íslands hækkuðu um 5,9 m.kr. frá fyrra ári. Tekjurnar voru vegna styrkja sem voru tekjufærðir á móti kostnaði við að vinna framkvæmdaverkefni. Mörgum verkefnum var lokið á árinu 2017 og þá tekjufærð.

### 6.2 Launagjöld

Launagjöld voru endurskoðuð með fyrirspurnum, greiningum og úrtaksskoðun.

Ráðningarsamningar eru samþykktir af forstjóra. Ef breytingar verða á launaflokkum eða öðru þá sendir forstjóri bréf um það til Fjársýslu ríkisins. Launagögn eru geymd með skipulegum hætti í starfsmannamöppu. Við úrtaksskoðun var farið yfir launaframkvæmd og kannað hvort farið væri eftir tilskildum reglum. Ekki eru gerðar athugasemdir.

### 6.3 Önnur rekstrargjöld

Aðrir kostnaðarliðir voru kannaðir með samanburði milli ára og leitað skýringa á frávikum. Skýringar fengust á breytingum milli ára. Ekki eru gerðar athugasemdir.

### 6.4 Fylgiskjalaskoðun

Tekið var úrtak fylgiskjala til skoðunar með tilliti til forms- og efnisatriða. Engar athugasemdir komu fram.

### 6.5 Niðurstöður/ábendingar

Almennt er ekki annað að sjá en að vel sé staðið að umsýslu varðandi rekstrarliði og engar athugasemdir gerðar.

## 7 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt stöðu bókhalds í árslok 2017 námu eignir 122,4 m.kr., skuldir námu 108,5 m.kr. og eigið fé nam 13,9 m.kr.

Í þús.kr.	31.12.2017	1.1.2017	Breyting
<b>Eignir:</b>			
Tæki og búnaður	50.028	29.186	20.842
Viðskiptakröfur	0	7	
Inneign hjá ríkissjóði	53.243	43.806	9.436
Ríkissjóður v/orlofsskuldbindinga	19.068	0	0
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	29	19.444	233
<b>Eignir alls</b>	<b>122.368</b>	<b>92.443</b>	<b>30.045</b>
<b>Eigið fé og skuldir:</b>			
Höfuðstóll	13.853	-14.355	9.140
Tengdir aðilar	72	2.053	-2.040
Viðskiptaskuldir	6.743	5.410	19.622
Ýmsar skammtímaskuldir	51.672	70.149	-17.519
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	50.028	29.186	20.842
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	<b>122.368</b>	<b>92.443</b>	<b>30.045</b>

### 7.1 Eignir

#### 7.1.1 Tæki og búnaður

Eignfærsla varanlegra fastafjármuna er gerð frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga um opinber fjármál. Yfirlit yfir tæki og búnað var unnið hjá Fjársýslu ríkisins samkvæmt upplýsingum í eignakerfi fjárhagsbókhaldsins. Elstu skráðar eignir eru frá árinu 2008 og afskriftarhlutfall er 10-33%. Tilvist eigna samkvæmt yfirlitinu var ekki staðfest við endurskoðun.

#### 7.1.2 Inneign hjá ríkissjóði

Inneign á viðskiptareikningi hjá ríkissjóði nam 53,2 m.kr. í árslok 2017 en var 43,8 m.kr. í ársbyrjun.

#### 7.1.3 Ríkissjóður vegna orlofsskuldbindinga

Eignfærsla hjá ríkissjóði vegna orlofsskuldbindinga að fjárhæð 19,1 m.kr. í stofnefnahagsreikningi þann 1. janúar 2017 er gerð samkvæmt fyrirmælum Fjársýslu ríkisins. Bent er á að á þessu stigi er ekki ljóst hvernig verður staðið að fjárveitingu til Minjastofnunar Íslands á þessari kröfu og því verður að hafa fyrirvara varðandi eignfærslu.

#### 7.1.4 Viðskiptareikningar

Inneign á viðskiptareikningum var 29 þús. kr. í árslok 2017, þar af var 19 þús. kr. vegna óuppperðs ferðakostnaðar.

## 7.2 Eigið fé og skuldir

#### 7.2.1 Höfuðstóll

Höfuðstóll nam 13,9 m.kr. í árslok 2017. Staða höfuðstóls hækkaði um 9,1 m.kr. frá fyrra ári eða sem nam tekjuafgangi ársins 2017.

#### 7.2.2 Viðskiptaskuldir

Staða viðskiptaskulda í árslok 2017 var 6,7 m.kr. samanborið við 5,4 m.kr. í árslok 2016. Minjastofnun Íslands er í greiðslu- og bókhaldsþjónustu Fjársýslu ríkisins sem sér um greiðslu útistandandi viðskiptaskulda.

#### 7.2.3 Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir voru 51,7 m.kr. í árslok 2017. Þar af voru 13,5 m.kr. vegna styrkveitinga til sveitarfélaga vegna einskis styrkveitinga frá árinu 2015. Þessi verkefni voru enn í vinnslu í árslok 2017 og eru því ógreiddar eftirstöðvar styrkja þar til verkum er lokið, í samræmi við samninga. 15,8 m.kr. voru vegna stöðu framkvæmdaverkefna í vinnslu sem eru tekjufærð eftir því sem verkin vinnast. Þá er orlofsskuldbinding vegna starfsmanna alls 19,1 m.kr. og ógreidd laun vegna launaleiðréttingar alls 1 m.kr.

Frá og með árinu 2017 er orlofsskuldbinding gjaldfærð í rekstrarreikningum stofnana í A-hluta til samræmis við LOF. Á móti kemur skuldfærsla í efnahagsreikningi. Staðan var 19,1 m.kr. í árslok 2017. Orlofsskuldbinding er yfirfarin hjá Fjársýslu ríkisins. Ógreidd laun í árslok 2017 stafa eingöngu af leiðréttingu sem gerð var vegna afturvirkra ákvæða í kjarasamningum sem gerðir voru á árinu 2018. Um var að ræða leiðréttingu á launum ársins 2017 sem greidd var út 1. mars 2018.

#### 7.2.4 Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda

Fyrirframgreiddar tekjur eða frestun tekjufærslu vegna fjárveitingar til fjárfestinga er nýr skuldaliður í framhaldi af þeirri breytingu samkvæmt LOF að gjaldfæra einungis afskriftir af búnaði. Fram til ársins 2017 voru kaup á eignum svo sem húsbúnaði, tækjabúnaði, tölvum og stærri eignum eins og bifreiðum og fasteignum gjaldfærðar hjá stofnunum í A-hluta á kaupári og fjárveiting til kaupanna tekjufærð á sama ári.

Frá og með árinu 2017 eru slík kaup eignfærð og reiknaðar árlegar afskriftir af eignunum. Þær fjárveitingar sem eru til kaupanna eru því færðar skuldamegin í efnahagsreikning að frádregnum þeim fjárveitingum sem eru færðar í rekstrarreikning á móti afskriftum.

Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda nam 50,0 m.kr. í árslok 2017 samanborið við 29,2 m.kr. í stofnefnahagsreikningi 1. janúar 2017 sem er hækkan um 20,8 m.kr.

## 7.3 Niðurstöður/ábendingar

Endurskoðun efnahagsliða var án athugasemda.

## 8 Önnur atriði

### 8.1 Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur Minjastofnunar Íslands, sem er skýrsla í fjárhagskerfi ríkisins (Orra), var undirritaður 8. janúar 2019.

### 8.2 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var undirritað af forstöðumanni og fjármálastjóra þann 8. janúar 2019.

### 8.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem komu að endurskoðun hjá Minjastofnun Íslands.



Ríkisendurskoðun  
Bréttartúni 7 - 105 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisendurskodun.is](mailto:postur@rikisendurskodun.is) - [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)